



Fundur háskólaráðs 25. maí 2000

Fundargerð

Málsnúmer: HI00020043
Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,
dagskrár og framlögð gögn
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir
Staða: Lokið

Dagsetningar:

Búið til: 18.05.2000 13:59:15
Dags: 25.05.2000

Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbyggingu (600169-2039)
101 REYKJAVÍK
Sími: 525 4000; 525 4300
Fax: 552 1331

06/2000

HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2000, fimmtudaginn 25. maí var haldinn fundur í háskólaráði, sem hófst kl. 13.30

1. Bókuð erindi

1.1 Lagt til að Guðrún Björnsdóttir, framkvæmdastjóri Félagsstofnunar stúdenta, verði kjörin í stjórn Háskólabíós. - Samþykkt einróma.

1.2 Lagt fram erindi frá menntamálaráðuneytinu þar sem óskað er eftir að Háskóli Íslands tilnefni aðalmann og varamann í fornleifanefnd. – Rektor var einróma falið að afgreiða erindið.

1.3 Stúdentadagurinn 2000. – Samþykkt var einróma að fella niður kennslu frá kl. 11:00 fimmtudaginn 14. september n.k. í tilefni stúdentadagsins.

1.4 Lagt fram bréf frá menntamálaráðuneytinu þar sem óskað er eftir að Háskóli Íslands tilnefni sex einstaklinga í hóp manna en menntamálaráðherra velur þrjá aðalmenn og þrjá varamenn úr þeim hópi til setu í Rannsóknarráði Íslands í þrjú ár. – Rektor og varaforseta ráðsins var falið að undirbúa tillögu fyrir næsta fund.

2. Mál til kynningar og afgreiðslu síðar

2.1 Reglur raunvísindadeildar um menntunarkröfur fyrir kennarastörf við deildina.

2.2 Samningar Stúdentaráðs Háskóla Íslands og Háskóla Íslands, um rekstur húsnæðismiðlunar, kennslumiðlunar og barnagæslumiðlunar, samningur um rekstur Réttindaskrifstofu stúdenta, samningur um þjónustu við nemendur, nemendafélög og erlenda stúdenta. Inn á fundinn kom Eiríkur Jónsson, formaður stúdentaráðs, og kynnti málið og svaraði fyrirspurnum.

2.3 Kærur Stúdentaráðs Háskóla Íslands fyrir hönd Láru Bjarkar Gísladóttur og Áslaugar Birnu Jónsdóttur vegna ákvarðana námsbrautar í hjúkrunarfræði í málum þeirra. Ólafur Jóhannes Einarsson, lögfræðingur á rektorsskrifstofu, skýrði málið.

2.4 Reglur lagadeildar um tilhögun meistaranáms og brautskráningu meistaraþrófsnema í sjávarútvegsfræðum og umhverfisfræðum. – Málið var rætt.

2.5 Reglur um rannsóknánám við viðskipta- og hagfræðideild.

3. Mál til fróðleiks

- 3.1 Lagður fram listi fulltrúa háskólaráðs í dómnefndum. Málið var rætt. Samþykkt var einróma að fela rektor áfram að tilnefna fulltrúa háskólaráðs í dómnefndir og leggja fram lista eftir hvert misseri yfir þá fulltrúa sem skipaðir hafa verið.
 - 3.2 Minnisblað frá Halldóri Jónssyni og Guðmundi G. Haraldssyni um lífvísindagarð við Háskóla Íslands. Guðmundur kynnti málið.
 - 3.3 Internet tenging Háskóla Íslands. Þórður Kristinsson, framkvæmdastjóri kennslusviðs, kynnti málið og svaraði framkomnum spurningum. Honum var falið að vinna áfram að málinu.
 - 3.4 Samningur Heilbrigðisstofnunar Selfoss og Háskóla Íslands. Rektor kynnti samninginn.
4. Fram var lögð umsögn háskólafundar 18.-19. maí 2000 um drög III að reglugerð og ábendingar sem fram komu á fundinum. Umsögnina tóku saman Þórður Kristinsson og Ólafur Jóhannes Einarsson, og fylgdi hún röð greina í drögum að reglugerð.

12. gr. Samþykkt var einróma að stofna tvær nýjar deildir, hjúkrunarfræðideild og lyfjafræðideild.

17. gr. samþykktar voru einróma tvær breytingatillögur við greinina.

7. másl. 1. mgr. 17. gr. orðist svo:

„Deild er heimilt að ákveða að þeir sem ráðnir eru til vísinda- og fræðastarfa við stofnanir sem heyra undir deild sitji deildarfundi og er deild einnig heimilt að kveða á um, hvort þeir hafi atkvæðisrétt.”

7. másl. 2. mgr. 17. gr. orðist svo:

„Deild er heimilt að víkja frá þessu og ákveða að starfsmenn sem rétt eiga til setu á deildarfundi fari með fullt atkvæði án tillits til starfshlutfalls.”

Samþykkt var einróma að 1. másl. 3 mgr. 23 gr. orðist svo:

„Við hverja deild skal starfrækja a.m.k. eina ráðgefandi námsnefnd, sem jafn margir kennarar og stúdentar eiga sæti í.”

Samþykkt var einróma 1. másl. 3. tölul. 27. gr. orðist svo:

„Deild er heimilt að fela stofnun ákvörðunarvald um skiptingu hennar í faglega sjálfstæðar rannsóknastofur.”

Samþykkt var samhljóða tillaga frá jafnréttisnefnd 13. tölul. 4. mgr. 35. gr. hljóði svo:

„Við ráðningar í störf við Háskóla Íslands er tekið mið af jafnréttisáætlun skólans.”

Samþykkt var einróma tillaga frá jafnréttisnefnd 1. másl. 5. mgr. 39. gr. og 2. másl. 1. mgr. 42. gr. hljóði svo:

„Þar sem því verður við komið skulu háskólaráð, menntamálaráðherra og deild sú er umsækjandi á að starfa við tilnefna tvo einstaklinga, karl og konu til dómnefndarstarfa. Rektor skipar þrjá einstaklinga í dómnefnd, einn frá hverjum tilnefningaraðila, þannig

að í dómnefnd sitji fólk af báðum kynjum.”

Samþykkt var samhljóða breyting 1. mgr. 57. gr. orðist svo:

„Nú stenst stúdent ekki próf, gengur frá því eftir að hann hefur byrjað próf eða kemur ekki til prófs og hefur ekki boðað forföll, og er honum þá heimilt að þreyta prófið að nýju innan árs. Standist hann þá ekki prófið, gangi frá því eða komi ekki til prófs án þess að boða forföll, hefur hann fyrirgert rétti sínum til þess að ganga oftar undir það. Úrsögn úr prófi skal vera skrifleg og hafa borist nemendaskrá háskólans eigi síðar en 19. nóvember vegna prófa á haustmisseri, 10. apríl vegna prófa á vormisseri og 5. ágúst vegna sumarprófa. Háskóladeild getur þó veitt undanþágu frá ákvæðum þessarar málsgreinar, ef sérstaklega stendur á.”

58. gr. samþykkt var samhljóða að nota prófnúmer eða nemandanúmer í öllum skriflegum prófum.

59. gr. felld var með 4 atkvæðum gegn 2 tillaga stúdenta um að kennarar skuli halda auglýsta prófsýningu.

80. gr. var rædd.

5. Samþykkt var að ársfundur verði haldinn 16. júní.
6. Rektor leitaði eftir skoðun ráðsins á því hvernig best væri að standa að því að ljúka framkvæmdum við Náttúrufræðihús á næstu tveim til þrem árum. Rætt var að vinna greinargerð um málið og mikilvægi Náttúrufræðihúss fyrir Háskóla Íslands og leggja hana fyrir ráðamenn.
7. Fjárhagsáætlun ársins 2000 var lögð fram.
8. Frestað var umræðu um Háskólaútgáfunu.
9. Oddný Sverrisdóttir vakti athygli á því hvað vel hefur tekist til með Opinn Háskóla 2000 og óskaði eftir að bókaðar væru þakkir háskólaráðs til rektors og allra þeirra sem að málinu hafa komið.

Fleira var ekki gert
Fundu slitið kl. 16:40